

Tankur, menningarfélag

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar
BT/ Bryndísar Ósk Jónsdóttur
Bæjarritara Ísafjarðarbæjar

Þingeyri, 7. janúar 2021

Háttvirta bæjarráð,

Í kjölfarið af fundi mínum með bæjarstjóra, bæjarritara, byggingarfulltrúa og sviðstjóra umhverfis- og eignasviðs þar sem farið var yfir stöðu framkvæmda við útilistaverkið Tankur á Þingeyri sendum við ykkur meðfylgjandi tillögu.

Óskað er eftir því að nágildandi samsstarfssamningur á milli Ísafjarðarbæjar og Tanks - menningarfélags frá 18.05.2020 verði framlengdur út árið 2021 og að fjárframlag Ísafjarðarbæjar verði aukið um 5 m.kr.


Miðað við uppfærða kostnaðaráætlun sem hljóðar uppá 34,3 m.kr myndi kostnaðarhlutur Ísafjarðarbæjar hækka úr 23% í 38%. Eftir sem áður mun Ísafjarðarbær eignast listaverkið að fullu að framkvæmdatíma loknum.

Nokkrar tafir hafa orðið á framkvæmdum við Tankinn vegna breytinga á deiliskipulagi á lóðinni við Sjávargötu 16 á Þingeyri þar sem útilistaverkið mun rísa. Einnig hafa fjárhagslegar forsendur verkefnisins breyst vegna Covid-19, þar sem einn aðal stuðningsaðilinn, verktakafyrirtækið Suðurverk, sá sig tilneyddan til að draga sig út úr verkefninu. Auk þess sem aðkeypt stál frá Evrópu varð dýrara út af gengisbreytingum. Einnig tekur stálsmiðin lengri tíma en áætlað var, enda um fordæmalaus framkvæmd að ræða.

Þrátt fyrir tafir og aukinn kostnað gengur framkvæmdin vel. Búið er að smíða annan tveggja hluta verksins svo eftir er um það bil 40% af smíðavinnunni. Verið er að ljúka við teikningar svo hægt sé að sækja um byggingarleyfi og hefja framkvæmdir á lóðinni. Búið er að tryggja verkefninu rúmar 19 m.kr. Þá er ótalin ráðgjafavinna verkefnastjórnar, en öll vinna verkefnastjórnar er unnin í sjálfböðavinnu. Með auknu fjárframlagi Ísafjarðarbæjar og annarri fjármögnun uppá 10 m.kr. sem verið er að vinna að, verður verkefnið fullfjármagnað.

Það er von okkar er að bæjarráð Ísafjarðar samþykki að styðji þetta mikilvæga verkefni áfram miðað við breyttar forsendur og tryggi að það verði að veruleika. Hægt er að fylgjast með framkvæmdum við Tankinn á <https://www.facebook.com/tankurthingeyri>.

F.h. Tanks, menningarfélags



Ketill Berg Magnússon, stjórnarformaður